

Vesturbyggð  
B.t. Elfars S Karlssonar, byggingarfulltrúa  
Aðalstræti 75  
450 Patreksfirði

Ísafjörður 28. mars 2025


## Umsókn um borun vinnslu- og rannsóknarholna undir Geirsmúla á Patreksfirði

Sótt er um leyfi til að bora eina vinnsluholu og þrjár rannsóknarholur. Holurnar eru merkar hér inná mynd 1 að neðan með stjörnum, fjólublá stjarna sýnir staðsetningu vinnsluholu og grænar stjörnur merkar A, B og C eru rannsóknarholur.



Mynd 1: Staðsetning nýrra borholna í Patreksfirði

Niðurstöður nýafstaðinna borana á Patreksfirðir (holur GE-14, GE-15, GE-16 og dýpkun eldri holu GE-12 sem tókst ekki) sem lauk í apríl 2024 gefa tilefni til bjartsýni hvað varðar jarðhitanýtingu á Patreksfirði með varmadælum. Þá er vísað til umsóknar OV til Vesturbyggðar frá 2. Febrúar 2022. Borun á holu GE-14 (vinnsluhola) gekk ekki eins og vonast var til. Lagt var upp með að bora 300 m djúpa holu en vegna borvandræða varð hún á endanum 108 m djúp. Fóðringadýpi holunnar er 59 m. Við dæluþróf úr holunni kom í ljós að vegna takmarkaðs fóðringadýpis náðist einungis um 13 l/s af 26°C vatni úr holunni. Ljóst er að sækja þarf meira magn af volgu vatni ef það á að nýtast inná miðlæga varmadælu fyrir hitaveitu bæjarins.



Næstu skref í jarðhitaleitinni eru frekari boranir. Jarðfræðingar ÍSOR leggja til aðra vinnsluholu nærri GE-14 sem nær því dýpi sem lagt var upp með eða 300 m. Sú hola verður fóðruð dýpra en GE-14 og með því er vonast eftir að vinnsla vatns úr þeirri holu sé að mestu aðskilin vinnsla vatns úr holu GE-14. Ný vinnsluhola sem hér er sótt um leyfi fyrir og sýnd á mynd 1.

Hnit holunnar eru X: 271066 Y: 574686

Einnig er lagt til borun þriggja rannsóknarholna sem ætlað er að kortleggja útmörk jarðhitasvæðisins og gefa betri mynd af legu og uppstreymi jarðhitans á Patreksfirði. Staðsetning þeirra er sýnd á mynd 1, merktar A, B og C.

Hnit holanna eru:

Hola A: X: 271227 Y: 574619

Hola B: X: 270810 Y: 574859

Hola C: X: 271024 Y: 574294

Við nýja vinnsluholu má gera ráð fyrir borplani áþekku því sem er núna við GE-14. Við rannsóknarholur er ekki þörf á borplani þær eru á hentugum stöðum þar sem góð aðstaða er fyrir borinn.

F.h. Orkubús Vestfjarða



Elena Dís Víðisdóttir

Orkusvið